

Ársfundur 2008

Skýrsla forstöðumanns rannsóknþjónustu á ársfundi Listaháskóla Íslands 24. nóvember 2008

- starfsárið 2007 - 2008

Rannsóknþjónusta Listaháskólans var stofnsett í september 2007 og tók forstöðumaður til starfa þann þriðja þess mánaðar. Á þessu fyrsta starfsári þjónustunnar hefur forstöðumaður kynnt sér og tileinkað orðræðu um listir í rannsóknum, byggt upptengslanet erlendis sem hérlendis, sem og unnið að því að kynnast innviðum Listaháskólans og viðhorfum til rannsókna í listum innan skólans.

Ljóst er að rannsóknir munu hafa mismunandi vægi eftir mismunandi þörfum deilda og því brýnt að aðlaga innleiðingu rannsókna eftir því. Um flókið og margbrotið ferli er að ræða þegar gera á Listaháskólann að rannsóknarháskóla á meistarastigi, en huga þarf ólíkum þáttum eins og hugmyndafræðilegri orðræðu um erindi rannsókna við listir, staðsetningu rannsókna innan stjórnsýslu skólans, fjármögnun rannsókna, svigrúm kennara til rannsókna, gæðaeftirlit og mat rannsókna kennara sem og rannsóknarþjálfun og eftirlit með rannsóknarframlagi nemenda.

Skýrsla vinnuhóps um rannsóknir við Listaháskóla Íslands

Unnin var skýrsla um rannsóknir við skólann í því augnamiði að gera óformlega úttekt á stöðu rannsókna og viðhorfum starfsfólks til þeirra. Auk þess lagði vinnuhópurinn fram tillögur um hvernig mætti best tryggja rannsóknarvirkni meðal kennara skólans og lögð voru fram drög að rannsóknarstefnu fyrir skólann. Í hópnum voru Sigrún Sigurðardóttir, fagstjóri í hönnunar- og arkitektúrdeild; Einar Garibaldi Eiríksson, prófessor í myndlistardeild; Magnús Þór Þorbergsson, lektor í leiklistardeild; og Kjartan Ólafsson, prófessor í tónlistardeild. Skýrslan var fullgerð þann 25. apríl og var henni dreift til deilda ásamt því sem hún er birt á vef skólans. Innihald hennar var sérstaklega rætt á háskólafundi rektors þann 27. maí.

Rannsóknarkvöld

Strax í byrjun starfsárs var komið á svokölluðum rannsóknarkvöldum fyrir fastráðna kennara skólans. Haldin voru þrjú kvöld á árinu, en ætlunin er að þau verði 5-6 á hverju ári. Rannsóknarkvöldin hafa reynst góður umræðuvettvangur og þau hafa verið vel sótt, en tilgangurinn með þeim er að skapa jafningjagrundvöll fyrir faglega og gagnrýna umræðu um rannsóknir innan skólans. Á liðnu starfsári hafa Magnús Þór Þorbergsson, lektor í leiklistardeild, Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor í hönnun, og Kjartan Ólafsson, prófessor í tónlistardeild, haldið erindi um viðfangsefni sín.

Málþing um réttinn til menningar

Þann 14. febrúar 2008 stóð Listaháskólinn fyrir málþingi sem var framlag skólans til fundaraðar utanríkisráðuneytisins vegna framboðs í öryggisráð SP. Yfirskrift fundarins var “Réttur til menningar – íslenskur menningararfur í ljósi hnattvæðingar” og var haldinn fyrir fullum sal í húsnæði skólans í Laugarnesi. Í tilefni fundarins var einnig haldin sýning í Kubbum, þar sem nemendur í vöruhönnun sýndu afrakstur úr námskeiðinu “Íslensk menning er sérstakur hljómur”, sem haldið hefur verið undanfarin ár í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands.

Háskólafundur

Háskólafundur var haldinn 27. maí og helgaði rektor umræðuna rannsóknum við skólann. Fengnir voru tveir utanaðkomandi aðilar til að ræða um rannsóknir, Jón Ólafsson frá Háskólanum á Bifröst og Kristján Kristjánsson frá Háskólanum í Reykjavík, ásamt því sem forstöðumaður rannsóknþjónustu ræddi um innihald skýrslu vinnuhóps um rannsóknir við Listaháskólann. Góð mæting var á fundinn og miklar umræður spunnust um málefnið.

Menntasjóður

Í upphafi starfsárs var umsýsla með Menntasjóði Listaháskólans færð yfir til rannsóknþjónustunnar. Auglýst var tvisvar eftir styrkjum á starfsárinu, annarsvegar í endaðan nóvember og hinsvegar í mars. Úthlutað var til 18 verkefna, samtals kr. 1.420.000.

Kynning á vegum RANNÍS

Í september var haldin kynning á vegum RANNÍS í húsakynnum skólans í Skipholti, í því sjónarmiði að kynna Rannsóknasjóð fyrir kennurum skólans. Mæting var góð og nokkrar umræður spunnust, en mikill áhugi virðist vera meðal kennara skólans (akademískra starfsmanna, fagstjóra, sem og stundakennara).

Fundur með starfsnefndum Vísinda- og tækniráðs

Í byrjun maí héldu rektor og forstöðumaður rannsóknþjónustu á fund með starfsnefndum Vísinda- og tækniráðs, til að kynna áform skólans um rannsóknir. Fundurinn var afar mikilvægur, en á honum voru kynnt sjónarmið Listaháskólans til rannsókna og tóku nefndarmenn þeim sjónarmiðum fagnandi með opnum hug.

Rannsóknarverkefni

Í september skilaði rannsóknþjónustan inn umsókn í Tækniþróunarsjóð fyrir hönd verkefnisstjórans Sigríðar Sigurjónsdóttur, prófessors í vöruhönnun. Sótt var um styrk fyrir verkefnið “Stefnumót bænda og hönnuða” sem byggt er á námskeiði í hönnunardeild. Verkefnið fékk styrk að upphæð 17 milljónir króna sem skiptist á þrjú ár. Sama verkefni fékk styrk frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins. Óþarft er að nefna þýðingu þessa fyrir hönnunardeild sem og skólann í heild sinni, en verkefnið hefur fengið afar mikla athygli. Í febrúar var unnin önnur umsókn í Tækniþróunarsjóð undir verkefnisstjórn Kjartans Ólafssonar, prófessors í tónsmíðum. Umsóknin var unnin í samstarfi við KINE

(Pioneer in Biomedical Engineering), og sótt var um styrk fyrir verkefnið “Hreyfistýrð tónsköpun”. Ekki fékkst styrkur fyrir verkefninu.

Margir kennarar hafa viðrað rannsóknarhugmyndir sínar við forstöðumann rannsóknarþjónustu, en ljóst er að starfsfólk skólans er uppfyllt af hugmyndum sem aðstoða þarf við að finna farveg. Varla þarf að nefna mikilvægi þess að herja á þá fáu samkeppnissjóði í landinu til að tryggja aukinn hlut listrannsókna í því rannsóknarlandslagi sem við búum í, og síðast en ekki síst, til hafa þannig áhrif á þá hugarfarsbreytingu sem þarf að verða til að listrannsóknir megi standa jafnfætis öðrum rannsóknarsviðum í háskólasamfélaginu.

Ferðir og fundir

Til að kanna rannsóknalandslagið í listum umhverfis Ísland fór forstöðumaður í nokkrar kynnis- og ráðstefnuferðir á starfsárinu. Farið var til London í endaðan nóvember og skoðaðir voru 5 skólar, til Amsterdam á ELIA fund í janúar, og í júní á málþing á vegum ICFAR (International Center for Fine Art Research) í Central Saint Martins College í London. Allar ferðir voru afar gagnlegar og fékkst mikið af upplýsingum og reynslu til að vinna úr.

Nýtt starfsár 2008-2009

Fyrsta rannsóknarstaða Listaháskólans var veitt í byrjun nýs starfsárs, en Sigríður Sigurjónsdóttir, verkefnisstjóri verkefnisins “Stefnumót bænda og hönnuða” hefur verið leyst undan kennslu og stjórnunarstörfum út starfsárið.

Einnig hefur rannsóknarþjónustan staðið fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um listrannsóknir, þar sem sjö erlendir fyrirlesarar héldu erindi um mismunandi hliðar á listrannsóknum. Ráðstefnan var haldið dagana 3.-4. október og var hún vel sótt meðal aðila utan skólans sem og innan.

Unnið var að umsókn í stóru samstarfsverkefni undir verkefnisstjórn Ásu Richardsdóttur, en sótt var um styrk í Markáætlun Rannís um öndvegissetur og klasa fyrir verkefninu “Upplifun og lífsgæði á mörkun byggða og óbyggða”. Aðkoma Listaháskólans verður að leiða listrannsóknir innan verkefnisins, en svars er að vænta í lok árs 2008.

Einnig hefur verið unnið að mótun rannsóknarstefnu fyrir Listaháskólann, sem á eftir að samþykkja.

Það sem af er haustmánuðum nýs starfsárs hefur forstöðumaður farið á rannsóknarmálþing á vegum Chelsea College í University of the Arts, London; á ráðstefnu Listaháskólans í Bergen um listrannsóknir; og á ráðstefnu á vegum ELIA (European League of the Institute of the Arts) í Gautaborg. Allar ferðir höfðu mikla þýðingu fyrir starf forstöðumanns.

Helstu verkefni framundan

Á yfirstandandi starfsári mun þróun rannsóknarmála við Listaháskólann einkennast af því að styrkja innviði til rannsókna, finna rannsóknum stað innan stjórnsýslunnar, endurskoða rannsóknarhlutföll í starfssamningum akademískra starfsmanna, finna útgáfumálum farveg og móta námskeið í rannsóknarþjálfun og aðferðafræði fyrir framtíðar-meistaranevendur.

Reykjavík, þann 24. nóvember

Ólöf Gerður Sigfúsdóttir
Forstöðumaður rannsóknþjónustu LHÍ